

10. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Þriðjudaginn 22. nóvember kl. 18.00 var haldinn 10. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Lögð var fram fundargerð 9. fundar og var hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess fundar.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar 9. fundar stjórnar

2. Umsóknir um veiðipróf

Umsóknir um veiðipróf fyrir hunda í tegundahópi 7 hafa ekki borist þrátt fyrir framlengdan frest.

3. Níu mánaða fjárhagsuppgjör HRFÍ ásamt sundurliðun ýmissa þátta í starfi félagsins skoðað

Stjórn fór yfir uppgjorið og nokkrar umræður urðu. Ákveðið var að verkefnastjóri tæki saman yfirlit yfir tillögur sem ræddar voru á fundinum fyrir stjórn til að vinna áfram.

4. Ræktunarmarkmið fyrir íslenskan fjárhund

Ræktunarmarkmiðið verður sent til ræktunar- og staðlanefndar og mælist stjórn til að nefndin skili athugasemdom eigi síðar en 5. janúar 2017. Sú umsögn verður svo send stjórn DÍF í aðdraganda fyrirhugaðs fundar stjórnar HRFÍ og stjórnar DÍF.

5. Erindi DÍF frá 9. september 2015 um gildistíma augnskoðana

Beiðnin verður send til Finn Boserup þar sem óskað verður eftir áliti hans áður en málið verður aftur sent til vísindanefndar HRFÍ.

6. Fulltrúaráðsfundur 29. nóvember 2016

Fyrirkomulag fundarins rætt og ákveðið.

7. Viðurkenning stjórnar á dómarréttindum Ástu Maríu Guðbergsdóttur á íslenskan fjárhund

Sýningadómaranefnd mælir með því að stjórn HRFÍ viðurkenni Ástu Maríu Guðbergsdóttur sem dómara á íslenska fjárhundinum en hún tók próf á sýningu félagsins 12. nóvember sl.

Stjórn viðurkennir dómara réttindi Ástu Maríu á íslenska fjárhundinum og óskar henni til hamingju og velfarnaðar í framtíðinni.

Félagið færir stjórn DÍF sérstakar þakkir fyrir aðstoð við framkvæmd prófsins.

8. Önnur mál

Umsókn FHD um veiðipróf fyrir meginlandshunda. Fulltrúar úr stjórn FHD verða boðaðir á næsta fund stjórnar 1. desember nk. kl. 18.00 til að ræða fyrirkomulag prófsins.

Til samræmis við óskir Fríðar E. Pétursdóttur, fyrrum framkvæmdastjóra, mun hún hætta í sýningastjórn og sýningadómaranefnd frá og með 30. nóvember. Stjórn skipar nýráðinn verkefnastjóra, Guðnýju Rut Isaksen, í sýningastjórn og sýningadómaranefnd í hennar stað.

Fundi slitið kl. 20.00. Næsti fundur stjórnar boðaður fimmtudaginn 1. desember nk. kl. 18.00.

Herdís Hallmarsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Örn Hinriksson, Pétur Alan Guðmundsson, Þorsteinn Thorsteinson og Guðbjörg Guðmundsdóttir.